

Ed.

61. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um setningu húsaleigulaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Húsnæðismála-
stjórn að undirbúa frumvarp til húsaleigulaga og að leggja slíkt frumvarp fyrir
Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Lög nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl., eru fyrir löngu orðin
úrelt og afnám þeirra því hin mesta nauðsyn. Um það munu allir vera á einu
máli, en hitt getur frekar orðið deiluefni, hvað koma skuli í staðinn. Á að setja
ný húsaleigulög, og hver eiga þá ákvæði þeirra að vera, eða skulu ekki höfð í land-
inu nein lög um leigu íbúðarhúsnæðis?

Fyrir þinginu liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um
húsnæðismálastofnun ríkisins. Í 6. gr. þess er ákveðið, að lög um hámark húsaleigu
o. fl. falli úr gildi, um leið og frumvarpið verður að lögum. Afnám laganna er þar
ákveðið og ekki ráðgert, að ný lög komi í staðinn. Leiga íbúðarhúsnæðis skal vera
frjáls og óbundin af öðru en lögmáli framboðs og eftirspurnar. Þessi er þá stefna
ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar í húsnæðismálum, ef marka má áður-
nefnt frumvarp.

Þetta sjónarmið stjórnarinnar er að sjálfsögðu gleðiefni eigendum leiguhús-
næðis, en leigjendum verður það ekki að sama skapi hagstætt. Framboð á leigu-
húsnæði er lítið, eftirspurn mikil, og því meiri sem hún er, því hærri er húsaleigan.
Sú regla gildir miskunnarlaust, ef ekki eru lög um leiguhámark eða ekki önnur lög
en þau, sem eru úrelt og óframkvæmanleg.

Sanngjörn og raunhæf ákvæði þarf að setja í húsaleigulög til þess að reisa
skorður við leiguokri í skjóli íbúðaskortsins. Það er í þágu þeirra mörgu, sem
neyðast til að búa í leiguhúsnæði. Þeir eru flestir efnalítillir og þarfnast því verndar
þjóðfélagsins. Afnám hinna úreltu húsaleigulaga, sem enginn ætlast til að virt séu,
er nauðsyn, en jafnbrýnt er, að ný lög komi í þeirra stað. Það tvennt á að haldast
í hendur.

Fyrir einu ári — hinn 19. nóv. 1964 — gerði borgarstjórn Reykjavíkur einróma
svofellda samþykkt:

„Borgarstjórn telur rétt að beita sér fyrir því, að sett verði ný lög um leigu
íbúðarhúsnæðis, og felur borgarráði að fylgja málinu eftir við Alþingi og ríkisstjórn.
Borgarstjórn leggur jafnframt áherzlu á nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fram-
kvæmd slíkrar lagasetningar“.

Er það til of mikils mælt, að þingmenn Reykjavíkur a. m. k. styðji tillögu,
sem fer í sömu átt og þessi samþykkt borgarstjórnarinnar?